

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 27. febrúar 2018 í máli nr. E-1290/2017:

Stefán John Bolon Stefánsson

(Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Húsnæðisfélagi S.E.M.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Brynju, Hússjóði Öryrkjabandalagsins

(Jón Eðvald Malmquist lögmaður)

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Dagmar Arnardóttir lögmaður.)

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Jón Eðvald Malmquist lögmaður)

Verði tryggingum hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

I.

Mál þetta var höfðað 10. og 12. janúar 2017 og dómtekið 6. febrúar 2018. Stefnandi er Stefán John Bolon Stefánsson, Sóleyjarhlíð 3, Hafnarfirði. Stefndu eru Reykjavíkurborg, Húsnæðisfélagið S.E.M. og Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins. Réttargæslustefndu eru Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu Reykjavíkurborgar, Húsnæðisfélagsins S.E.M. og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur vegna líkamstjóns er hann varð fyrir 9. mars 2015 þá er hann féll á vinnutíma á göngustíg er liggur á milli fasteignanna við Sléttuveg 3 og 7 í Reykjavík.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefndu.

Þá er þess krafist að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðu yfirliti eða að mati réttarins, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnda Reykjavíkurborg krefst þess að verða sýknuð af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefnda Húsnæðissamvinnufélag S.E.M. krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur verði málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara að að krafa stefnanda verði aðeins viðurkennd að hluta og málskostnaður falli niður.

Af hálfu réttargæslustefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur.

Af hálfu réttargæslustefnda Vátryggingafélags Íslands hf. eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur.

Af hálfu réttargæslustefnda Varðar trygginga hf. eru ekki hafðar uppi aðrar kröfur en málskostnaðarkrafa.

Dómara var úthlutað málinu 10. janúar 2018 en fram að þeim tíma hafði hann ekki komið að meðferð þess. Stefnandi upplýsti eftir dómtöku málsins að honum hefði ekki verið veitt gjaf-sóknarleyfi vegna meðferðar þess.

II.

Málsatvik:

Þegar atvik áttu sér stað starfaði stefnandi hjá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis á vegum Reykjavíkurborgar, nánar tiltekið í heimaþjónustu í búsetukjarna við Sléttuveg o.fl. Sunnudaginn 9. mars 2015 var stefnandi við störf í búsetukjarnanum við Sléttuveg. Fór hann fótgangandi frá starfsmannaádstöðu að Sléttuvegi 7 áleiðis að Sléttuvegi 3 þar sem hann hugðist líta til með íbúum. Gekk hann á stíg á lóðum milli húsanna. Að sögn stefnanda var snjór á jörðu, frost og mikil hálka á stígnum, sem leiddi til þess að hann rann til og skall harkalega með höfuðið á jörðu. Að sögn stefnanda átti slysið sér stað um klukkan 23:00. Lýsing var ekki á stígnum og var svartamyrkur að sögn stefnanda. Engin vitni voru að slysinu. Að sögn stefnanda fann hann strax fyrir miklum höfuðverk eftir fallið og leitaði hann daginn eftir á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans vegna vaxandi höfuðverkja og ógleði. Tekin var tölvusneiðmynd af höfði hans sem sýndi ekki fram á brot eða blæðingu og var talið að hann hefði fengið heilahristing.

Samkvæmt vottorði Gunnars Þórs Jónssonar heilsugæslulæknis leitaði stefnandi aftur á slysa- og bráðamóttöku 15. mars 2015 vegna höfuðverkja og ljósfælni. Við þá læknisskoðun var talið að um væri að ræða eftirköst heilahristings, auk tognunar á hálshrygg. Stefnandi hafði samband við lækinn 24. mars 2015 vegna höfuðverkja og fékk skoðun 14. apríl sama ár. Þar lýsti hann viðvarandi höfuðverk og annarri undarlegri tilfinningu í höfði, ljósfælni og eymslum í hnakkafestum. Stefnandi leitaði á Læknavaktina 25. apríl 2015 vegna einkenna af sama toga. Þá leitaði hann á bráðamóttöku Landspítalans 30. sama mánaðar vegna versnandi líðanar, auk einkenna um truflun á heilastarfsemi, einbeitingarskorts og almenns slappleika. Stefnandi var í eftirliti hjá fyrrgreindum heilsugæslulækni 13. maí 2015 og þá enn með verki í höfði, skerta vitræna starfsemi o.fl. Stefnandi var 3. júní 2015 á endurhæfingardeild Landspítalans metinn með langvinn einkenni vegna höfuðáverka. Stefnandi var þá enn óvinnufær. Stefnandi var á þessum tíma í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna framangreindra

einkenna og hélt sú meðferð áfram eftir það. Stefnandi gekkst undir heilaskaðamat frá hausti 2015 og fram á vetur á endurhæfingardeild Grensásdeildar. Á þeim tíma komu fram í taugasálfræðimati vísendingar um ákomna sálfræðilega veikleika sem afleiðingar slyssins. Stefnandi var þá enn með viðvarandi verki í höfði og hálsi, hægur í verkefnum og hugsun og átti erfitt með að halda einbeitingu. Eftir það var stefnandi áfram í meðferð á dagdeild á Grensásdeild, í sjúkraiðju og vitrænni þjálfun o.fl.

Fasteignin að Sléttuvegi 3 er í eigu stefnda Húsnæðisfélags S.E.M. og fasteignin að Sléttuvegi 7 er í eigu stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins. Húsin á fasteignunum eru stór fjölbýlishús. Stefnda Reykjavíkurborg leigði hluta af 1. hæð hússins á Sléttuvegi 7 og hafði þar aðstöðu fyrir starfsfólk sem sinnti heimaþjónustu við íbúa sem voru búsettir í fjölbýlishúsunum nr. 3, 7 og 9 við Sléttuveg. Fasteignirnar að Sléttuvegi nr. 3 og 7 eru aðliggjandi og standa í brekku. Snýr bakhlið fjölbýlishússins að Sléttuvegi 7 til suðurs í átt að fjölbýlishúsinu að Sléttuvegi 3. Á milli húsanna er bifreiðastæði sem tilheyrir Sléttuvegi 3 en þar fyrir ofan er gróið svæði sem að mestu tilheyrir Sléttuvegi 7. Á þessu svæði milli húsanna lá umræddur stígur eða gönguslóði. Í málinu er deilt um hvort stígurinn hafi verið viðurkenndur göngustígur eða hvort um hafi verið að ræða troðning eða slóða sem hafi myndast í árána rás af umferð fótgangandi vegfarenda, þar með talið starfsmanna heimaþjónustu sem hafi verið að stytta sér leið á milli nærliggjandi húsa. Að sögn stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins sáu starfsmenn heimaþjónustunnar um að salta og sanda umræddan stíg á milli fjölbýlishúsa nr. 3 og 7 eftir þörfum. Fyrir liggur að annar malbikaður og upplýstur göngustígur var á svæðinu fyrir umferð gangandi vegfarenda milli fyrrgreindra fasteigna o.fl., en sú leið var lengri. Að sögn stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins munu forstöðumenn heimaþjónustu Reykjavíkurborgar að Sléttuvegi 7 hafa hvatt starfsmenn sína til að nota malbikaða göngustíginn og eftir atvikum keyra á milli húsanna ef aðstæður væru, slæmar gegn greiðslu kílómetragjalds, og enn fremur hafi starfsfólkinu staðið til boða mannbroddar og vasaljós til að nota á leið sinni milli húsanna. Að sögn stefnanda var hann staddur á lóðamörkum fasteignanna að Sléttuvegi 3 og 7 þegar slysið átti sér stað. Óumdeilt er að stígnum var breytt eftir slysið og var lagður breiður, upphitaður og upplýstur stígur, að hluta með tröppum, í stað þess stígs sem fyrir var, og voru þær framkvæmdir greiddar af stefndu Reykjavíkurborg.

Við aðalmeðferð málsins gaf Stefán John Bolon Stefánsson aðilaskýrslu. Þá gáfu fyrrverandi samstarfsmenn stefnanda, Hildur Björk Þórðardóttir, Katrín Kristín Friðjónsdóttir og Magdalena Ýr Hólmarsdóttir, skýrslu vitnis.

III.

A.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því að stefndu Reykjavíkurborg, Húsnæðisfélag S.E.M. og Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins beri in solidum ábyrgð á tjóni hans.

Gagnvart stefndu Reykjavíkurborg og réttargæslustefnda Sjónvá-Almennum tryggingum hf.:

Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefnda beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans sem vinnuveitandi á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttarins og eftir atvikum á reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Stefnda hafi sem atvinnurekandi brotið gegn 13. gr., sbr. 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að tryggja ekki fyllsta öryggi og góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað. Stefnda hafi að þessu leyti sýnt af sér saknæma og ólögmæta vanrækslu sem hafi leitt til tjóns stefnanda.

Af hálfu stefnanda er sérstaklega vísað til starfsáætlunar stefndu fyrir heimaþjónustu á Sléttuvegi en þar greinir meðal annars: *Starfsfólk þarf oft að fara á milli húsa. Göngustígur milli Sléttuvegar 3 og 7 er illa farinn og óupplýstur, sérstaklega þar sem stígurinn liggur á lóðareign Sléttuvegs 3 (Sem samtökin). Starfsmenn hafa dottið og meiðst þar á hverjum vetri. Sem samtökin hafa lýst því yfir að þau komi ekki til með að greiða fyrir úrbætur á stígnum, það sé ekki þeirra mál hvernig Reykjavíkurborg skipuleggi sína starfsemi. Borgin hefur ekki sýnt vilja til að gera úrbætur á stígnum.*

Stefnandi telur það með ólíkindum að stefnda hafi ekki hlutast til um lagfæringar á stígnum vitandi um hættuna. Full vitneskja hafi verið um hættuna en stefnda látið hjá líða að laga aðstæður á vinnustað til þess að koma í veg fyrir tjón, t.d. með því að lýsa upp stíginn eða hlutast til um hálkuvarnir. Stefnda hafi hins vegar lagfært stíginn fljótlega eftir slysið.

Að mati stefnanda eigi við sakarmat að líta til þess hversu mikil hætta hafi verið á að tjón myndi verða, hversu mikið tjón sennilegt var að gæti hlotist af, hversu auðvelt og kostnaðarlítið hafi verið að afstýra tjóni og hversu auðvelt hafi verið fyrir tjónvald að sjá áhættuna og gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Stefnandi telur að stefndu hafi sem vinnuveitanda mátt vera ljóst að mikil slysaþætta væri af stígnum enda hafi starfsmenn í tengslum við störf sín oft þurft að komast á milli húsanna við Sléttuveg. Stefndu hafi verið fullkunnugt um að starfsmenn notuðu stíginn. Á slysdegi hafi verið mikið lag af snjó á jörðu og ljóst að töluverð hætta væri á miklu tjóni vegna umferðar um stíginn. Auðvelt hafi verið fyrir stefndu að átta sig á hættunni og sérstaklega að teknu tilliti til tíðra slysa á stígnum á hverjum vetri samkvæmt skráningu vinnuveitanda. Þá hafi hinir ýmsu aðilar leitað til stefndu og krafist þess að stígurinn yrði endurbættur en við því hafi verið brugðist eftir slysförum stefnanda.

Slysið hafi átt sér stað á lóðamörkum fasteignanna að Sléttuvegi 3 og 7. Stígurinn hafi verið *vinnustaður* í skilningi 13. gr. laga nr. 46/1980 enda hafi starfsmenn búsetukjarnans þurft starfs síns vegna að fara á milli fasteignanna og það verið viðtekin venja meðal þeirra að nota umræddan stíg. Fljótlega eftir slysið hafi verið ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á stígnum á kostnað stefndu. Að mati stefnanda verði því ekki séð að skortur á leyfi eða fjármagni hafi verið því til fyrirstöðu að unnt hefði verið að bæta stíginn fyrir slysið.

Að mati stefnanda beri stefnda ábyrgð á tjóni hans þar sem það verði rakið til saknæmrar vanrækslu stefndu sem hafi leitt til umrædds slyss. Ekki hafi verið um að ræða óhapp og stefnandi ekki sýnt af sér gáleysi. Stígurinn hafi verið *vinnustaður* samkvæmt lögum nr. 46/1980 og slysið

verið á eðlilegri leið stefnanda á milli staða í tengslum við starfið. Stefnandi eigi því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefndu hjá réttargæslustefnda.

Gagnvart stefnda Húsnæðisfélagi S.E.M. og réttargæslustefnda Verði tryggingum hf.:

Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefnda beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins um ábyrgð fasteignareiganda á líkamstjóni sem rekja megi til fasteignar. Stefnda sé eigandi fasteignarinnar að Sléttuvegi 3 og stefnda hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda Verði tryggingum hf. Að mati stefnanda megi rekja orsakir slyssins til aðstæðna á stígnum og hafi fasteignareigandi átt að sjá til þess að gönguleiðir á fasteigninni væru greiðar og öruggar.

Á slysdagi hafi verið mikil hálfka á stígnum og því nauðsynlegt að grípa til viðeigandi varúðarráðstafana vegna augljósrar fallhættu af völdum hálfku. Auðvelt hafi verið að fyrirbyggja slysið, t.d. með hálkuvörnum og eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Þá hafi verið unnt að lýsa göngustíginn upp til að draga úr slyshættu en mikið myrkur hafi verið á stígnum. Að mati stefnanda hafi vanræksla á þessum skyldum leitt til þess að aðstæður á stígnum hafi verið óforsvaranlegar og þar með ólögðar og saknæmar.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að staðfest hafi verið í réttarframkvæmd að eigandi fasteignar þar sem fram fari þjónustustarfsemi eigi að sæta strangara sakarmati en aðrir fasteignaeigendur, enda megi búast við mikilli umferð fólks á fasteigninni. Félagslegar og sérhæfðar íbúðir séu á Sléttuvegi 3 fyrir hreyfihamlaða félagsmenn Samtaka Endurhæfðra Mænuskaddaðra. Um sé að ræða veitingu á þjónustu til félagsmanna sem nýti sér íbúðirnar. Að því virtu hafi stefndi, sem fasteignareigandi, mátt búast við miklum umgangi íbúa og annarra, meðal annars starfsmanna í tengslum við veitingu félagslegrar þjónustu. Að mati stefnanda eigi því að beita hinu stranga sakarmati.

Stefnandi telur að hafna eigi þeim fullyrðingum réttargæslustefnda sem fram komu í bréfi 11. janúar 2016 að saknæm háttsemi váttryggingartaka hafi ekki verið til staðar þar sem stígurinn hafi ekki fallið undir viðhaldsskyldu váttryggingartaka enda hafi verið um að ræða troðning en ekki viðurkennda gönguleið. Forsvarsmenn stefnda hafi haft vitneskju um daglega notkun stígsins sem gönguleiðar fyrir starfsmenn og fleiri án þess að gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana, til að mynda með hálkuvörnum eða lokun á umferð. Lágt grindverk hafi legið með fram hluta stígsins en það bendi til þess að um hafi verið að ræða viðurkennda gönguleið. Tilgangurinn með grindverkinu hafi verið að leiðbeina vegfarendum um legu stígsins.

Að mati stefnanda eigi að líta til dómaframkvæmdar og venja við mat á skaðabótaábyrgð fasteignareiganda. Einnig eigi að líta til þess hversu mikil hætta hafi verið á tjóni, hversu mikið tjón hafi verið sennilegt að gæti hlotist af, hversu auðvelt og kostnaðarlítið hafi verið að afstýra tjóni og hversu auðvelt viðkomandi tjónvaldur hafi átt með að sjá áhættuna og gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Að framangreindu virtu sé ljóst að stefnda, sem fasteignareigandi, hafi vel mátt gera sér grein fyrir slyshættunni á umræddum stað. Þá hafi hætta á tjóni verið sérstaklega mikil vegna tíðrar umferðar á stígnum út af starfsemi á Sléttuvegi 3 og 7. Auðvelt hafi verið að grípa til varúðar-

ráðstafana á stígnum, t.d. með hálkuvörnum eða lokun. Þær varúðarráðstafanir hefðu verið kostnaðarlitlar og án mikils umstangs. Fljótlega eftir slysið hafi meðstefnda Reykjavíkurborg ráðist í fyrrgreindar endurbætur á stígnum. Að mati stefnanda megi ráða af gögnum málsins að stefnda hafi ekki sýnt neinn vilja til endurbóta á stígnum svo fullnægt væri kröfum um viðhaldsskyldu fasteignareiganda.

Gagnvart stefnda Brynju Hússjóði Öryrkjabandalagsins og réttargæslustefnda Vátryggingafélagi Íslands hf.:

Af hálfu stefnanda er byggt á sömu málsástæðum og greinir í fyrrgreindri umfjöllun um stefnda Húsnæðisfélag S.E.M. og réttargæslustefnda Vörð tryggingar hf. Stefndi hafi verið fasteignareigandi að Sléttuvegi 7 og hann beri þar með skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Stefndi hafi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda Vátryggingafélagi Íslands. Stefndi hafi dottið á lóðamörkum fasteignanna að Sléttuvegi 3 og 7. Að því virtu beri eigendur fasteignanna jafnmikla skaðabótaábyrgð.

Stefndi telur að hafna eigi þeim röksemdum réttargæslustefnda Vátryggingafélags Íslands hf., sem fram komu í bréfi 12. febrúar 2016, að ekki hafi verið um hefðbundinn stíg að ræða heldur troðning og að stefndi hafi átt að ganga á viðurkenndri gönguleið í stað þeirrar sem farin var. Stefndi vísar í því sambandi til fyrrgreinds rökstuðnings í tengslum við umfjöllun um stefnda Húsnæðisfélag S.E.M. og réttargæslustefnda Vörð tryggingar hf.

Af hálfu stefnanda er vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins, þar á meðal sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þá vísar stefndi til laga nr. 46/1980, einkum 13. og 42. gr. þeirra laga. Enn fremur vísar stefndi til skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, einkum 44. gr. þeirra laga.

B.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu Reykjavíkurborgar og réttargæslustefnda Sjóváar-Almennra trygginga hf.:

Af hálfu stefndu er byggt á því að engin lagarök standi til þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu og meðstefndu Húsnæðisfélags S.E.M. og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins vegna fyrrgreinds falls stefnanda. Stefnda bendir á að kröfur stefnanda gagnvart henni annars vegar og meðstefndu hins vegar byggi á ólíkum grundvelli. Gagnvart stefndu sé byggt á því að hún beri ábyrgð á slysinu sem vinnuveitandi stefnanda á slysdagi þar sem ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Gagnvart meðstefndu byggi stefndi hins vegar á ábyrgð þeirra sem fasteignareigenda og að um hafi verið að ræða meintan saknæman vanbúnað á lóðum og lóðamörkum. Að mati stefndu sé órökstutt og vanreifað í stefnu hvernig stefnda og meðstefndu geti borið solidaríska ábyrgð á tjóni stefnanda enda engin óskipt réttindi eða skylda til staðar hjá þeim.

Af hálfu stefndu er krafa um sýknu reist á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á saknæma háttsemi stefndu eða starfsmanna hennar. Sönnunarbyrði um tjónið sjálft, orsakir þess og saknæma háttsemi hvíli á stefnanda. Stefnda telji að stefnandi hafi ekki sannað hvar slysið átti sér nákvæmlega stað né að orsakir þess verði raktar til nokkurs annars en óhappatilviljunar og aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Þá hafi stefnandi ekki sannað að stefnda eða starfsmenn hennar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi svo leiði til bótaskyldu. Stefnda mótmæli öllum málsástæðum stefnanda.

Stefnda tekur fram að stefnandi hafi fallið niður á vinnutíma, en hann hafi verið í starfi hjá stefndu frá árinu 2007. Starfið hafi verið fólgið í því að fara í vitjanir á heimili íbúa við Sléttuveg. Ágreiningslaust sé að stefnandi hafi þurft að fara á milli umræddra húsa vegna starfsins. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi þekkt mjög vel allar aðstæður við Sléttuveg.

Stefnda bendir á að slysið hafi átt sér stað á óupplýstum gönguslóða á milli húsanna að Sléttuvegi 3 og 7. Stefndanda hafi verið unnt að ganga aðra og aðeins lengri leið á milli húsanna. Lengri leiðin hafi verið betri þar sem hún hafi verið malbikuð og upplýst. Stefnandi hafi hins vegar stýtt sér leið með því að fara gönguslóðann. Stefnda mótmælir því að gönguslóðinn verði felldur undir hugtakið *vinnustaður* í skilningi 13. gr. laga nr. 46/1980.

Stefnda bendir á að gönguslóðinn sé á mótum lóðanna við Sléttuveg 3 og 7. Hvorug lóðanna sé eign stefndu en þær tilheyri meðstefndu. Stefnda hafi því ekki umráða- eða ráðstöfunarrétt yfir lóðunum eða aðbúnaði á þeim. Engin vitni hafi verið að falli stefnanda og að mati stefndu virðist stefnandi ekki sjálfur vita á hvorri lóðinni hann hafi fallið. Að mati stefndu séu líkur á því að stefnanda hafi frá upphafi verið ljóst að stefnda gæti ekki borið ábyrgð á ásigkomulagi gönguslóðans frekar en annarra slíkra stíga og slóða á einkalóðum í borginni. Þannig hafi komið fram í tjónstilkynningu til réttargæslustefnda Vátryggingafélags Íslands hf.: *Orsök slyssins er að rekja til vanbúnaðar á lóð fasteignareiganda. Þannig var stígurinn m.a. mjög illa hirtur og óupplýstur. Fasteignareigandi ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni tjónþola.* Þá hafi komið fram í tjónstilkynningu til réttargæslustefnda Varðar: *Fasteignareiganda var fyllilega kunnugt um hættueiginleika stígsins en aðhafðist ekkert til að koma í veg fyrir tjón á lóðinni. Stígurinn og hættueiginleikar hans er á ábyrgð fasteignareiganda sem ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni tjónþola.*

Stefnda bendir á að hún og meðstefndu hafi staðið sameiginlega að breytingum á gönguslóðanum eftir slysið með því að malbika stíg, búa hann snjóbræðslukerfi og lýsingu og gera hann færar fyrir umferð hjólastóla. Stefnda hafi alfarið kostað framkvæmdirnar. Umræður hafi verið um nokkurt árabíl milli stefndu og meðstefndu um úrbætur á vegarslóðanum. Stefnda hafi lagt á það áherslu við meðstefndu að farið yrði í úrbætur en meðstefndu hafi hins vegar neitað að bera kostnaðinn þar sem önnur leið hafi verið fær milli húsanna. Sú staða hafi verið uppi að starfsmenn stefndu hafi oft þurft að fara á milli húsanna í tengslum við störf sín í þágu skjólstæðinga meðstefndu. Á endanum hafi orðið samkomulag um úrbætur og vilyrði fengist frá borgaryfirvöldum um að stefnda bæri kostnaðinn. Það hafi hins vegar verið umfram skyldu. Skyldan til umræddra úrbóta hafi lögum samkvæmt ekki hvílt á stefndu. Þá hafi stefndu verið ómögulegt að aðhafast neitt um úrbætur á gönguslóðanum fyrr en samkomulag við lóðareigendur hefði verið frágengið.

Stefnda bendir á að samkomulag um úrbætur á stígnum hafi ekki legið fyrir í mars 2015. Á þeim tíma hafi aðeins verið á færi stefndu að huga að öryggismálum starfsmanna, svo sem með því að útvega mannbrotta, gæta að því að sandur væri til staðar til að bera á hálfu og skóflur til að moka snjó. Einnig hafi vasaljós verið tiltæk fyrir starfsmenn og þeir hvattir til að fara á milli húsa í bifreiðum í slæmum veðrum og mikilli ófærð. Enn fremur hafi verið unnt að ganga malbikaðan og upplýstan stíg á milli umræddra húsa en sú leið hafi verið um 40 metrum lengri. Stefnda telur að taka þurfi tillit til þess að hér á landi sé iðulega hálka á veturna og því fylgi almennt fallhætta. Öllum sem búsettir eru hér á landi sé kunnugt um þetta og stefnandi hafi þekkt vel til staðháttá á Sléttuvegi. Margoft hafi verið farið yfir þessa hættu á starfsmannafundum og brýnt fyrir starfsmönnum að fara varlega og grípa til framangreindra öryggisráðstafana. Þá hafi verið heimilt að keyra bifreiðar á milli bygginga gegn greiðslu kílómetragjalds á kostnað stefndu.

Stefnda beri ábyrgð á tjóni sem rakið verði til saknæmrar háttsemi starfsmanna borgarinnar. Þá beri stefnda jafnframt ábyrgð á tjóni sem rakið verði til vanrækslu af hennar hálfu eða starfsmanna hennar. Til þess að stefnda geti talist skaðabótaskyld vegna slyss stefnanda verði hann að sýna fram á að stefnda eða starfsmenn hennar hafi valdið tjóninu með saknæmum og ólögumætum hætti. Sá sem verði fyrir tjóni þurfi almennt sjálfur að bera tjónið nema hann sanni að það megi rekja til sakar annars aðila. Sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda. Stefnda telji að fall stefnanda hafi mátt rekja til aðgæsluleysis hans sjálfs og óhappatilviljunar.

Um lagarök vísar stefnda til almennra reglna skaðabótaréttarins, meðal annars um sönnun tjóns og saknæmis.

C.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Húsnæðissamvinnufélags S.E.M. og réttargæslustefnda Varðar trygginga hf.:

Stefnda reisir kröfu um sýknu fyrst og fremst á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir slysi á lóð stefnda. Stefnda telur að það styðjist ekki við lögfræðileg rök að stefnandi skuli hafa komið sér undan því að sanna málsatvik en hafi þess í stað stefnt tveimur líklegum meintum tjónvöldum, in solidum. Stefndandi beri sönnunarbyrðina í þessum efnum og sérstaklega þegar litið sé til þess að í málinu sé ekki byggt á því að einhver hafi frétt af slysinu þegar það hafi gerst. Stefndandi hafi ekki leitað fyrr en degi síðar á slysideild og auk þess komi ekkert fram um að hann hafi greint samstarfsmönnum eða öðrum frá því að hann hafi fallið í umrætt skipti. Enginn sé þannig til vitnis um að slysið hafi átt sér stað og enn síður um það hvar það hafi orðið.

Nokkur fjarlægð sé á milli húsanna við Sléttuveg 3 og 7 og langmestur hluti leiðarinnar sé á lóðinni við Sléttuveg 7. Að því virtu séu yfirgnæfandi líkur á að slysið hafi ekki orðið á lóð stefnda. Sönnunarbyrði fyrir ábyrgð stefnda sé því mun þyngri. Stefnda hafi ítrekað amast við því að starfsmenn meðstefndu Reykjavíkurborgar, sem höfðu aðstöðu í húsi meðstefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins við Sléttuveg 7, hafi ekki nýtt göngustíga en þess í stað kosið að fara sem leið lá yfir garð fasteignar meðstefnda og svo yfir bifreiðastæði stefnda.

Ekkert vinnuréttarsamband hafi verið á milli stefnanda og stefnda og því komi sjónarmið um aðstæður á vinnustað ekki til skoðunar við mat á meintri ábyrgð stefnda.

Af hálfu stefnda er einnig byggt á því að þótt sannað teldist að stefnandi hefði dottið innan lóðarmarka stefnda þá leiði það ekki til ábyrgðar stefnda. Á stefnda verði ekki lögð önnur og ríkari ábyrgð en annarra lóðarhafa í þéttbýli. Stefnda hafnar því að það verði virt því til sakar að hafa ekki komið í veg fyrir umferð gangandi fólks um lóðina svo að það færi um malbikaðan og upplýstan göngustíg. Lóð stefnda sé ekki hættulegri eða viðsjárverðari en annarra sem eigi eignarhluta í fjölbýlishúsum. Stefnda standi ekki fyrir atvinnustarfsemi með umferð almennings til stefnda. Stefnda sé byggingarsamvinnufélag og sjálfseignarstofnun sem hafi þann eina tilgang að skapa félagsmönnum Samtaka Endurhæfðra Mænuskaddaðra búsetu sem henti þörfum þeirra. Fasteignin hafi verið byggð í þeim tilgangi. Stefnda beri ekki ríkari ábyrgð á ástandi lóðarinnar þó að einstakir íbúar í húsinu njóti heilbrigðis- eða félagsþjónustu, meðal annars frá meðstefndu Reykjavíkurborg. Þá hafi umfjöllun innan félagsþjónustu meðstefndu Reykjavíkurborgar um ástand gönguleiðarinnar, sem starfsmenn hafi hagnýtt sér, engin réttaráhrif gagnvart stefnda. Stefnda hafi verið ókunnugt um umfjöllunina. Þá hafi umfjöllunin verið byggð á misskilningi um að troðningnum hafi verið ætlað að vera samgönguleið á milli fasteignanna. Stefnda hafi þar engan hlut átt að máli.

Stefnandi hafi starfað um árabíl að liðveislu frá fyrrgreindri þjónustumiðstöð og megi því ætla að hann hafi verið vel kunnugur aðstæðum í kringum fasteignirnar. Að því virtu verði sérstaklega að líta til þess við sakarmat að stefnanda hafi mátt vera ljóst að óverulegur munur á leið hans fólst í því að fara út um aðaldyr Sléttuvegar 7 og sem leið lá norðvestur fyrir húshorn fasteignarinnar og þaðan á bifreiðastæði á lóð stefnda. Stefnda geti ekki borið ábyrgð á því að stefnandi hafi frekar kosið að fara yfir lóðina.

Af hálfu stefnda er einnig byggt á því að ábyrgð stefnanda hafi verið enn meiri þegar litið er til þess að atvikið hafi átt sér stað síðla vetrar þegar snjór var yfir öllu. Stefnandi hafi verið vel kunnugur staðháttum og honum hafi mátt vera ljóst hvor leiðin væri greiðfærari, göngustígur við hlið hússins eða troðningur þvert yfir lóðina, þar með talið niður halla síðustu metrana á leiðinni. Snjór og hálka hafi ráðið því að stefnandi datt en ekki torfæra vegna gerðar eða ástands stígsins. Stefnda bendir á að öllum sem eru á ferð utandyra hér á landi að vetrarlagi í hálku og snjó megi vera ljóst að fara verði varlega þegar gengið er niður brattar brekkur sem ekki verða ruddar með snjóruðningstækjum. Troðningar yfir lóðir eru almennt ekki ruddir og þeir sem fari slíka leið við þess háttar aðstæður geri það á eigin ábyrgð. Eigi það sérstaklega við þegar ekki er nauðsyn að fara leiðina og aðrar og öruggari leiðir standa til boða. Ábyrgð stefnanda hafi því verið meiri að þessu leyti hafi hann verið á ferðinni í myrkri undir miðnætti og hljóti það að verða virt honum til stórfellds gáleysis. Að mati stefnda verði hins vegar ráðið af gögnum sem stafi frá stefnanda að slysið hafi átt sér stað klukkan 16 umræddan dag en þá hafi verið bjart og ástandið á gönguleiðinni því verið sýnilegt fyrir stefnanda.

D.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og réttargæslustefnda Vátryggingafélags Íslands hf.:

Stefndi byggir á því að um ábyrgð hans fari eftir sakarreglunni og ekki sé sannað að hann eða starfsmenn á hans vegum eigi sök á slysi stefnanda sem rekja megi til gáleysis hans sjálfs. Ósannað sé að stefnandi hafi dottið og slasað sig innan lóðar fasteignarinnar að Sléttuvegi 7 eða að slysið hafi orðið á lóðarmörkum við Sléttuveg 3. Samkvæmt umsögn forstöðumanns heimaþjónustunnar, sem sé meðal málgagna, hafi umrætt slys orðið við enda stígsins rétt við bifreiðaplanið við Sléttuveg 3. Samkvæmt þessu telur stefndi að fyrir liggja að slysið hafi orðið á lóðinni á Sléttuvegi 3 en sú lóð tilheyri meðstefnda Húsnæðisfélagi S.E.M. Slysið sé þannig stefnda óviðkomandi og utan meintrar ábyrgðar stefnda sem fasteignareiganda. Stefndi hafi ekkert haft með fasteignina að Sléttuvegi 3 að gera.

Stefndi hafi enga ábyrgð borið á troðna stígnum milli húsanna þar sem stefnandi datt. Stefndi hafi ekki búið til troðninginn og ekkert haft með hann að gera. Ekki hafi verið um að ræða *viðurkennda gönguleið*. Engar skyldur hafi hvílt á stefnda til að lagfæra hinn troðna stíg, lýsa hann upp eða hálkuverja. Eigi það jafnt við um hluta stígsins innan lóðarmarka að Sléttuvegi 7 sem og innan lóðarmarka Sléttuvegar 3.

Engin nauðsyn hafi verið á því að fara eftir troðningnum eða yfir lóðirnar til að komast á milli húsanna. Malbikaður og vel upplýstur göngustígur hafi legið með fram húsunum sem hægt hafi verið að nota þó að sú leið hafi verið nokkru lengri. Forstöðumenn heimaþjónustunnar að Sléttuvegi 7 hafi hvatt starfsfólk til að nota malbikaða göngustíginn. Mannbroddar og vasaljós hafi verið til staðar fyrir starfsmenn, auk sands og salts til hálkuvarna eftir þörfum. Það hafi ekki verið í verkahring stefnda að salta eða bera sand á troðninginn eða annast þar aðrar hálkuvarnir.

Eigendum fasteigna verði almennt ekki metið til sakar, eins og vetrarveðrum er háttað hér á landi, þó háлка og ófærð geti verið á lóðum, gönguslóðum eða troðningum. Háлка og ófærð sé nokkuð sem almennt megi búast við vegna veðurfars hér á landi og öllum fullorðnum megi vera það kunnugt. Fólk þurfi almennt að sýna varkárni. Ógerlegt sé fyrir fasteignaeigendur að halda lóðum sínum, stígum og slóðum ávallt greiðfærum og hálkulausum nema með því að halda úti stöðugri vakt og hlutast til um hálkuvarnir á öllum tímum sólarhrings stóran hluta ársins. Ekki sé unnt að gera slíka kröfu á eigendur eða umráðamenn fasteigna að viðlagðri skaðabótaábyrgð. Umræddur stígur hafi ekki verið hættulegri yfirferðar en aðrir hlutar lóðanna við Sléttuveg 3 og 7 eða aðrar sambærilegar lóðir innan borgarinnar. Að því virtu hafi ekki verið við stefnda að sakast hvað varðar tilkomu og ástand troðna stígsins eða að snjór hafi verið á honum og hann verið háll og ógreiðfær þegar stefnandi datt.

Að mati stefnda beri stefnandi sjálfur alla sök á slysinu. Hann hafi vitað eða mátt vita um snjó og háلكu á stígnum í umrætt skipti. Hiti hafi verið undir frostmarki í Reykjavík á slysdegi og úrkoma um daginn. Stefndi hafi viðhaft mikið gáleysi með því að fara í svartamyrkri niður snjóugan,

óupplýstan og hálan, troðinn stíg í halla í stað þess að fara eftir vel upplýstum og malbikuðum göngustíg með fram húsunum eins og hann hafi verið hvattur til að gera af forstöðumönnum heimþjónustu.

Stefndi bendir á að samkvæmt stefnu hafi verið *mikil hálka* á stígnum á slysdegi og *mikið lag af snjó á jörðu borgarinnar*. Verði ekki séð að stefnandi hafi notað fyrrgreinda mannbrodda og eða vasaljós til að draga úr slyshættu né heldur að hann hafi saltað eða sandað stíginn fyrr um daginn eða gengið úr skugga um hvort það hefði verið gert áður en hann lagði af stað. Honum hafi verið vel kunnugt um ástand stígsins og aðstæður. Stefnandi hafi um árabíl starfað hjá heimþjónustunni og oft farið um stíginn. Hann hafi vitað eða mátt vita að snjór og mikil hálka var á stígnum kvöldið sem slysið varð. Hann hafi með háttsemi sinni lagt sig í verulega hættu á því að detta og verða fyrir slysi eins og raunin varð. Fari því ekki á milli mála að stefnandi hafi sjálfur átt sökina á slysinu en ekki stefndi.

Varakrafa stefnda miðast við að stefnandi eigi að bera hluta tjónsins sjálfur á grundvelli fyrrgreindra lagasjónarmiða um eigin sök.

Um lagarök vísar stefndi til sakarreglunnar, ólögfestra reglna skaðabótaréttarins um ábyrgð fasteignaeigenda og reglna skaðabótaréttarins um sönnun.

IV.

Forsendur og niðurstaða:

Mál þetta er höfðað á hendur stefndu Reykjavíkurborg og tveimur meðstefndu vegna sama atviks og aðstæðna. Að mati dómsins hefur stefnandi lagt málið fyrir dóminn með nægjanlega skýrum rökstuðningi í stefnu, málshöfðunin er studd gögnum og stefnandi hefur gefið skýrslu og leitt vitni til skýrslugjafar. Í skaðabótarétti er almennt lagt til grundvallar, þegar sú staða er uppi að fleiri en einn geti borið bótaábyrgð á sama tjóni, að þá beri tjónvaldar solidaríska ábyrgð gagnvart tjónþola. Ekki er gerður áskilnaður um að formleg eða óformleg tengsl þurfi að vera milli tjónvalda svo meginreglan eigi við, aðeins að háttsemi þeirra hafi verið orsök eða meðorsök tjóns. Þá er ekki gerður áskilnaður um að ábyrgð tjónvalda byggi á samkynja bótareglum. Að þessu virtu fellst dómurinn ekki á athugasemdir stefndu Reykjavíkurborgar varðandi málalátbúnað stefnanda.

Meðal gagna sem stefnandi hefur lagt fram eru yfirlitsmyndir af borgarvefsjá og ljósmyndir sem taka til umrædds svæðis. Af þeim gögnum verður ráðið að ekki hafi verið um að ræða göngustíg samkvæmt skipulagi borgaryfirvalda á svæðinu. Að mati dómsins sýna gögn þessi að um hafi verið að ræða stíg í merkingunni slóði, sem myndast hafi af mannavöldum, að hluta til afmarkaðan með grindverki, og hann hafi haft þann tilgang að vera gönguleið á milli lóðanna. Að mati dómsins er ekki sérstakur merkingarmunur á orðunum stígur, slóði, gönguslóði og göngustígur samkvæmt almennri málvenju. Að þessu virtu leggur dómurinn til grundvallar að um hafi verið að ræða stíg í einkaeigu innan lóðamarka umræddra fasteigna sem ekki hafi verið gert sérstaklega ráð fyrir í skipulagi borgaryfirvalda á svæðinu og ekki verið ætlaður til almennrar umferðar gangandi vegfarenda.

Fyrir liggur að ekki voru vitni að umræddu atviki. Meðal málgagna er afrit af tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins 12. mars 2015, undirritaðri af Báru Dennyju Ívarsdóttur, forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis. Um var að ræða tilkynningu vinnuveitanda samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, sbr. 37. gr. laga nr. 68/2003. Í tilkynningunni greinir meðal annars að stefnandi hafi orðið fyrir slysi 9. mars 2015, klukkan rúmlega 16:00, á stíg milli Sléttuvegar 3 og 7. Atvikum, aðstæðum og afleiðingum slyssins er að öðru leyti lýst í tilkynningunni með áþekkingu hætti og greinir í stefnu, meðal annars að slysið hafi átt sér í snjókomu og að stígurinn hafi verið háll. Svipaðar upplýsingar koma fram í tilkynningu sama forstöðumanns til Sjúkratrygginga Íslands 13. mars 2015. Læknisfræðileg gögn, sem eru meðal málgagna, styðja staðhæfingu stefnanda um að hann hafi slasast umræddan dag vegna skyndilegs falls með höfuðið á jörðina, einkum vottorð Gunnars Þórs Jónssonar heilsugæslulæknis 27. maí 2016 og álitserð Guðmundar Björnssonar sérfræðings 28. desember 2016. Að framangreindu virtu þykir sannað að stefnandi hafi á vinnutíma 9. mars 2015 fallið til jarðar í hálfu á umræddum stíg á fyrrgreindri leið og hann slasast með þeim hætti sem greinir í stefnu.

Í stefnu er byggt á því að slysið hafi átt sér stað í myrkri um klukkan 23:00. Stefnandi er einn til frásagnar um að svo hafi verið. Stefnda Reykjavíkurborg og Húsnæðisfélag S.E.M. hafa einkum gert athugasemd við tímasetninguna. Tímasetningin sem stefnandi byggir á samrýmist ekki skráðri tíma- setningu um slysið í fyrrgreindri tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins þar sem fram kemur að slysið hafi átt sér stað klukkan rúmlega 16:00. Skráðar tímasetningar um slysið í öðrum svipuðum skjölum, sem urðu til síðar, virðast styðjast efnislega við tilkynninguna sem send var Vinnueftirliti ríkisins. Tímasetning á slysi, klukkan 11:30, sem fram kemur í stöðluðu vottorði Gunnars Þórs Jónssonar heilsugæslulæknis 4. maí 2015 til Sjúkratrygginga Íslands, er ekki í nægjanlegu samræmi við önnur gögn og verður ekki lögð til grundvallar. Við mat á sönnunargildi tilkynningarinnar til Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar fyrrgreinda tímasetningu, þá er til þess að líta að um er að ræða einhliða yfirlýsingu viðkomandi forstöðumanns. Einnig liggur fyrir að stefnda Reykjavíkurborg féll frá því við upphaf aðalmeðferðar að leiða viðkomandi forstöðumann til skýrslugjafar sem vitni án athugasemda af hálfu meðstefndu Húsnæðisfélags S.E.M. og bera þau hallann af því. Að öllu þessu virtu leggur dómurinn til grundvallar að slysið hafi átt sér stað um klukkan 23:00, en á þeim tíma er myrkur miðað við mánaðardag sem um ræðir. Í fundargerð vegna starfsmannafundar 2. desember 2013 greinir meðal annars að á þeim tíma hafi staðið til að lýsa upp stíginn með jólaseríu. Vitnin Hildur Björk, Katrín Kristín og Magdalena Ýr könnuðust við jólaseríu í trjárnum við stíginn eða við hluta stígsins en serían hefði ekki, eða mjög takmarkað, lýst upp stíginn. Samrýmist það einnig starfsáætlun fyrir heimþjónustuna þar sem meðal annars greinir að stígurinn hafi verið óupplýstur. Að öllu þessu virtu leggur dómurinn til grundvallar að stígurinn hafi verið óupplýstur á slysdegi.

Í stefnu er á því byggt að slysið hafi átt sér stað á lóðamörkum fasteignanna að Sléttuvegi 3 og 7. Ágreiningur er uppi á milli aðila um það hvar á stígnum slysið átti sér stað. Eins og áður greinir voru engin vitni að slysinu. Í skýrslu stefnanda við aðalmeðferð kom meðal annars fram að hann hefði

runnið á stígnum í brekku rétt fyrir neðan grindverk með fram stígnum og fallið aftur fyrir sig á hnakkann og síðan runnið niður. Í bréfi réttargæslustefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. 30. september 2016, sem er meðal málgagna, er vísað til umsagnar forstöðumanns heimaþjónustunnar og tekið fram að slysið hafi átt sér stað við enda stígsins að Sléttuvegi 3. Að mati dómsins dregur það úr sönnunargildi fyrrgreinds bréfs, 30. september 2016, að umsögn umrædds forstöðumanns fylgdi ekki með. Þá er um að ræða einhliða staðhæfingu um staðsetningu slyss sem ekki er sérstaklega studd öðrum gögnum. Einnig liggur það fyrir, sem áður greinir, að stefnda Reykjavíkurborg féll frá því að leiða forstöðumanninn til skýrslugjafar við aðalmeðferð án mótmæla meðstefndu. Að mati dómsins verða stefndu að bera hallann af því við sönnunarmat og verður ekki byggt á bréfinu við sönnunarmat dómsins.

Í málinu liggur ekkert fyrir um það hvort slysið hafi sætt rannsókn hjá Vinnueftirliti ríkisins eftir að fyrrgreindur forstöðumaður tilkynnti um það. Gögn sem stefnandi hefur lagt fram um lóðamörk umræddra fasteigna með tilliti til nákvæmrar staðsetningar á slysinu eru ófullkomin að mati dómsins. Þá gefa gögnin ekki nægjanlega skýra mynd af aðstæðum á staðnum á þeim tíma þegar slysið átti sér stað. Óumdeilt er að stígnum var breytt í framhaldi af slysinu með lagningu nýs varanlegs stígs með tröppum o.fl. og stóð stefnda Reykjavíkurborg fyrir þeim framkvæmdum að höfðu samráði við meðstefndu. Að þessu virtu og með hliðsjón af atvikum og aðstæðum í tengslum við umrætt slys, þar með talið myrkri, og þar sem ekki voru vitni að slysinu, þá er vandséð að með nákvæmni sé unnt að sýna fram á hvorum megin lóðamarkanna á stígnum slysið hafi átt sér stað. Þá er sönnunarstaðan enn erfiðari fyrir stefnanda að þessu leyti þar sem stígnum var breytt eftir slysið. Að mati dómsins þykir rétt við sönnunarmatið að taka sérstakt tillit til fyrrgreindra breytinga á stígnum sem stefndu stóðu fyrir eða samþykktu. Að þessu virtu þykir rétt að láta stefndu bera sönnunarbyrðina um það að slysið hafi ekki átt sér stað á umræddum lóðarmörkum. Leggur dómurinn þannig til grundvallar að slysið hafi átt sér stað á lóðamörkum fasteignanna eins og greinir í stefnu.

Ágreiningur er um það hvort umræddur stígur hafi verið hluti af vinnustað stefnanda í skilningi laga nr. 46/1980. Samkvæmt 41. gr. þeirra laga merkir vinnustaður í lögnum umhverfi, innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna. Svipaða skilgreiningu, en aðeins þrengri, er að finna í 2. mgr. 1. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, sem meðal annars er sett með stoð í 43. gr. fyrrgreindra laga. Samkvæmt reglunum merkir vinnustaður það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hýsa vinnuástöðu og hvern þann stað innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína. Við skýringu á hugtakinu vinnustaður samkvæmt fyrrgreindum lögum og reglum settum samkvæmt þeim er nauðsynlegt að líta til tilgangs og gildissviðs laganna. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 er með lögnum meðal annars leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Þá liggur fyrir samkvæmt 2. gr. laganna að þeim er ætlað að ná til allrar starfsemi þar sem einn eða fleiri menn eru að störfum. Að mati

dómsins er lögunum ætlað að taka til starfsumhverfis í heild sinni. Að þessu virtu ber að skýra tilgang og gildissvið laganna rúmt og standa þar með rök til þess að hið sama eigi við um hugtakið vinnustað samkvæmt lögunum.

Rúm skýring á vinnustaðarhugtakinu samrýmist einnig því sem lagt er til grundvallar við skilgreiningu á sama hugtaki í 2. gr. tilskipunar 89/654/EBE, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum. Samkvæmt tilskipuninni, sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt með reglum nr. 581/1995, er vinnustaður sá staður innan athafnasvæðis fyrirtækis og/eða stofnunar sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu, og hvern þann stað innan fyrirtækis og/eða stofnunar sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína. Tilskipunin er sett með stoð í rammatilskipun ráðsins 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. rammatilskipunarinnar er vinnuveitanda skylt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu. Rammatilskipunin á sér stoð í 68. gr. og XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og hefur hún verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 46/1980. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þá skal samkvæmt 3. gr. sömu laga skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Umræddur stígur liggur milli fasteignanna að Sléttuvegi 3 og 7. Fyrir liggur að starfsmannaaðstaða fyrir stefnanda og samstarfsfólk hans var á jarðhæð í hluta hússins að Sléttuvegi 7 og var stefnda Reykjavíkurborg leigutaki þess hluta húsnæðisins. Dyr voru á starfsmannaaðstöðunni inn á lóð fasteignarinnar þar sem aðgengi var að stígnum sem lá í átt að húsinu við Sléttuveg 3. Óumdeilt er að stefnandi hafði starfsskyldur við íbúa beggja húsanna og er unnt að líta á húsinn sem eitt vinnusvæði. Af hálfu stefnanda er byggt á því að um hafi verið að ræða reglulega gönguleið sem hann og aðrir starfsmenn félagsþjónustunnar notuðu til að fara um á milli umræddra húsa í tengslum við starfið á þeim tíma þegar slysið átti sér stað. Aðrar gönguleiðir hafi að jafnaði ekki verið notaðar til að fara á milli húsanna og til þess hafi ekki verið ætlast af vinnuveitanda. Staðhæfing þessi samrýmist framburði vitnanna Hildar Bjarkar, Katrínar Kristínar og Magdalenu Ýrar sem öll báru um hið sama. Á þetta sér einnig stoð í starfsáætlun stefndu hjá heimþjónustunni á Sléttuvegi, sem stefnandi hefur lagt fram, en þar er meðal annars greint frá stígnum í tengslum við ferðir starfsfólks á milli húsanna og hættu sem því fylgir. Samrýmist þetta enn fremur fundargerðabók vegna starfsmannafunda Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, sem stefnda Reykjavíkurborg hefur lagt fram, en þar greinir meðal annars frá nokkrum bókunum varðandi umræddan stíg, varúðarráðstafanir vegna hans o.fl. Þá liggur auk þess fyrir fyrrgreind tilkynning forstöðumanns til Vinnueftirlits ríkisins þar sem greinir frá því að slys stefnanda hafi orðið þegar hann gekk um vinnusvæði. Að mati dómsins hefur ekki verið færð fram haldbær sönnun fyrir því að aðrar og öruggari gönguleiðir hafi einnig verið notaðar af hálfu starfsmanna í tengslum við störf þeirra fyrir íbúa húsanna eða að til þess hafi verið sérstaklega ætlast af stjórnendum á vinnustað stefnanda eða starfsmönnum leiðbeint um það né heldur að eigendur fasteignanna hafi sérstaklega óskað eftir því. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar að stígurinn hafi að jafnaði verið notaður af stefnanda og öðrum starfsmönnum félags-

þjónustunnar í tengslum við störf þeirra í þágu íbúa í húsunum og það hafi verið þáttur í skipulagi vinnuveitanda á vinnunni. Að öllu þessu virtu og með vísan til framangreindrar skýringar dómsins á vinnustaðarhugtakinu samkvæmt 41. gr. laga nr. 46/1980 þá verður lagt til grundvallar að stígurinn hafi verið á vinnusvæði stefnanda og þar með hluti af vinnustað hans.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í lagagreininni er, til nánari skýringa á skyldum atvinnurekanda, meðal annars vísað sérstaklega til V. kafla laganna (37.–40. gr.) um framkvæmd vinnu og VI. kafla laganna (41.–43. gr.) um vinnustaði. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1980 skal haga vinnu og framkvæmd hennar þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta og skal fylgja ákvæðum laga, stjórnvaldsfyrirmælum o.fl. í því skyni. Í a-lið 1. mgr. 38. gr. laganna er ráðherra meðal annars veitt heimild, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, til að setja stjórnvaldsfyrirmæli um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf o.fl., t.d. til þess að koma í veg fyrir fall o.fl. Þá er í d-lið sömu málsgreinar meðal annars sams konar heimild ráðherra til að setja stjórnvaldsfyrirmæli um notkun hlífðarbúnaðar. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laganna skal vinnustaður þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar skal meðal annars fylgja ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað. Í 1. mgr. 43. gr. laganna er ráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, veitt heimild til að setja stjórnvaldsfyrirmæli um fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða, innanhúss og utan, sem meðal annars fjalli um umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir o.fl. Á grundvelli fyrrgreindra lagaheimilda o.fl. hefur ráðherra meðal annars gefið út reglur nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, og fyrrgreindar reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða.

Í 1. gr. reglna nr. 497/1994 er kveðið á um að reglurnar taki til vinnustaða sem falli undir lög nr. 46/1980. Samkvæmt 6. tölul. 4. gr. reglnanna skal atvinnurekandi láta persónuhlífar í té endurgjalds-laust og tryggja með nauðsynlegu viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun og að þær séu í góðu lagi o.fl. Samkvæmt 7. tölul. sömu greinar skal atvinnurekandi upplýsa starfsmann fyrirfram um þá hættu sem persónuhlífum er ætlað að vernda hann gegn og skyldu hans til að nota slíkar hlífar. Starfsmönnum er skylt, samkvæmt 1. másl. 2. tölul. 8. gr. reglnanna, að nota þær persónuhlífar sem þeim eru látnar í té á meðan á vinnu stendur. Þá skulu starfsmenn, samkvæmt 2. másl. sama tölul., leggja sitt af mörkum við að ganga úr skugga um að persónuhlífar komi að tilætluðum notum og tilkynna um bilanir eða ágalla sem upp kunna að koma. Í I. viðauka með reglunum er leiðbeinandi en ekki tæmandi skrá yfir persónuhlífar og meðal upptalins búnaðar, samkvæmt flokki hlífa fyrir fætur og fótleggi, eru mannbroddar til notkunar á ís, snjó eða hálu undirlagi. Í 1. gr. reglna nr. 581/1995 er kveðið á um að reglurnar taki til vinnustaða sem falli undir lög nr. 46/1980. Samkvæmt 2. tölul. 41. gr. reglnanna skulu vinnustaðir utanhúss lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta er ekki nægjanleg. Þá er í d-lið 3. tölul. 41. gr. reglnanna kveðið á um að þegar starfsmenn séu við vinnu utanhúss þá skuli vinnustaðurinn, eins og kostur er, skipulagður á þann hátt að þeir renni ekki til eða detti.

Fyrir liggur að stefnda Reykjavíkurborg var með á leigu aðstöðu fyrir starfsmenn í afmörkuðum hluta fasteignarinnar að Sléttuvegi 7 en borgin fór hins vegar ekki með umráð fasteignarinnar sem eigandi. Ekki var samsvarandi leiguaðstaða stefndu Reykjavíkurborgar í fasteigninni að Sléttuvegi 3. Hér að framan hefur verið lagt til grundvallar að báðar fasteignirnar hafi verið eitt vinnusvæði fyrir stefnanda. Einnig hefur verið lagt til grundvallar að umræddur stígur hafi verið hluti af vinnusvæðinu og þar með vinnustaður stefnanda í skilningi laga nr. 46/1980. Að því virtu hafði stefnda Reykjavíkurborg, sem atvinnurekandi, sérstökum skyldum að gegna gagnvart stefnanda, sem starfsmanni, með því að tryggja að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Að mati dómsins lutu þær skyldur fyrst og fremst að framkvæmd og skipulagningu vinnunnar og að þess væri gætt að fyrir hendi væri nauðsynlegur öryggis- og varnaðarbúnaður fyrir starfsmenn og að hann væri notaður. Stefnda Reykjavíkurborg fór ekki með umráð fasteignanna og að því virtu fellst dómurinn ekki á það með stefnanda að stefndu Reykjavíkurborg hafi sem vinnuveitanda borið sérstök skylda til að ráðast í breytingar á fasteignunum með því að leggja nýja og öruggari gönguleið á umræddum lóðum. Hefur það ekki þýðingu í þessu sambandi þótt stefnda Reykjavíkurborg hafi síðar, umfram skyldu, ráðist í slíkar framkvæmdir á eigin kostnað, að höfðu samráði við meðstefndu, til að betrubæta starfsumhverfi starfsmanna sinna.

Stefnda Reykjavíkurborg byggir á því að hún hafi lagt til sand og salt til hálkuvarna, skóflur til snjómoksturs, auk mannbrodna og vasaljósa fyrir starfsmenn. Þá hafi starfsmönnum einnig staðið til boða, í mikilli ófærð og slæmum veðrum, að nota einkabifreiðir gegn greiðslu kílómetragjalds. Með þessu hafi stefnda leitast við að draga úr slysahettu miðað við þær aðstæður sem voru uppi að vetrarlagi á umræddum stíg. Ráðstafanir af þessum toga samrýmast að nokkru fyrrgreindum skyldum sem lagðar eru á atvinnurekanda o.fl. samkvæmt 13. gr., sbr. 37. gr., a- og d-liði 1. mgr. 38. gr., 42. gr. og 1. mgr. 43. gr., laga nr. 46/1980, sbr. 6. og 7. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 8. gr., sbr. viðauka I í reglum nr. 497/1994, og 2. tölul. og d-lið 3. tölul. 41. gr. reglna nr. 581/1995.

Í starfsáætlun fyrir heimaþjónustuna, sem er meðal gagna, greinir meðal annars að starfsmenn heimaþjónustunnar hafi ítrekað dottið og meiðst á stígnum. Vitnin Hildur Björk og Magdalena Ýr báru um að starfsmenn hefðu ítrekað kvartað yfir stígnum og viljað fá úrbætur en í svörum yfirmanna hafi verið óvissa um hver bæri ábyrgð á stígnum og úrbætur ekki verið gerðar á honum fyrr en eftir slys stefnanda. Í afritum af fyrrgreindum fundargerðum starfsmannafunda eru meðal annars bókanir vegna funda 11. desember 2012, 2. desember 2013, 3. mars 2014 og 7. apríl sama ár, þar sem áréttuð er við starfsmenn nauðsyn þess að fara varlega á stígnum, sanda og moka snjó af honum, nota mannbrodna o.fl. Skýrslur stefnanda og vitnanna Hildar Bjarkar, Katrínar Kristínar og Magdalenu Ýrar voru takmarkaðar varðandi bókanirnar, efni þeirra eða hvort þau hefðu verið viðstödd fundina. Öll báru þau um að meðal verkefna þeirra sem starfsmanna hefði verið að bera sand á stíginn til hálkuvarna. Þá bar þeim einnig saman um að sandur hefði ekki alltaf verið til þegar hans var þörf. Hildur Björk tók fram að ef sand hefði vantað þá hefði verið bætt úr því með því að fá hann á staðinn en óska hefði þurft eftir því. Hildur Björk, Katrín Kristín og Magdalena Ýr báru um að ekki hefði verið sérstakt skipulag á því verkefni starfsmanna að sandbera stíginn. Ekkert vitnanna gat staðfest hvort

sandur hefði verið fyrir hendi þegar slysið átti sér stað. Stefnandi kannaðist við að honum hefði verið heimilt að aka á sinni eigin bifreið til að komast leiðar sinnar milli húsanna þegar aðstæður voru slæmar og þá gegn greiðslu kílómetragjalds. Hann hafi hins vegar að jafnaði verið án bifreiðar þegar hann var á kvöldvakt og svo hafi verið þegar slysið átti sér stað. Stefnandi kannaðist ekki við að starfsfólki hefðu staðið til boða mannbroddar eða vasaljós á þeim tíma þegar slysið átti sér stað. Einhverjir starfsmenn hafi hins vegar komið með sína eigin brodda en það hafi hann ekki gert. Vitnin Magdalena Ýr og Hildur Björk könnuðust ekki við mannbrodda fyrir starfsmenn á þeim tíma þegar slysið átti sér stað. Hin síðarnefnda tók hins vegar fram að bætt hefði verið úr því að hluta eftir slysið. Vitnið Katrín Kristín bar um hið sama en hún kannaðist við, þegar bornar voru undir hana bókanir á starfsmannafundum frá árinu 2014, að til hefðu verið þrjú pör af mannbroddum og hún hefði notað broddana við störf sín en þörf hefði verið á fleiri pörum vegna fjölda starfsmanna. Þá kannaðist Katrín Kristín við að tvö vasaljós hefðu staðið starfsmönnum til boða og þau verið notuð á næturvöktum.

Fyrir liggur að fyrrgreindar fundargerðir taka ekki til þess tíma þegar slysið átti sér stað og munar tæpu ári frá nýjustu bókuninni og slysdegi. Tímamunurinn dregur úr vægi fundargerðanna við mat á því hvort stefnda Reykjavíkurborg hafi staðið nægjanlega vel að öryggismálum stefnanda á slysdegi. Stefnda Reykjavíkurborg hefur ekki lagt fram önnur gögn máli sínu til stuðnings. Að mati dómsins styður framburður fyrrgreindra vitna það ekki sérstaklega að almennt hafi verið staðið nægjanlega vel að öryggismálum starfsmanna á umræddum vinnustað með tilliti til fallhættu á stígunum. Af framburðinum verður fremur ráðið að háلكuvarnir, mannbroddar og ljósabúnaður hafi á þeim tíma sem slysið átti sér stað ekki verið fyrir hendi þegar þörf var á eða ekki í nægjanlega góðu horfi. Þá hafi skipulagi á vinnustaðnum verið áfátt að þessu leyti, þar með talið háلكuvörnum. Fyrir liggur að stefnda Reykjavíkurborg féll frá því að leiða vitnið Báru Dennyju Ívarsdóttur, forstöðumann heimþjónustu, til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins og ber stefnda hallann af því. Að þessu virtu, og þar sem annarra gagna nýtur ekki við, þá telur dómurinn ósannað að starfsmenn stefndu Reykjavíkurborgar hafi haft aðgang að sandi á þeim degi þegar slysið átti sér stað en full þörf hefði verið á því vegna háلكu sem hafði myndast á stígunum. Með sömu rökum er ósannað að stefnandi hafi á slysdegi haft aðgang að mannbroddum og vasaljósi frá vinnuveitanda sínum. Þá er einnig ósannað að stefnandi hafi verið í aðstöðu til að nota eigin bifreið til aksturs á milli fasteignanna þegar slysið átti sér stað. Enn fremur er ósannað að til þess hafi verið ætlast af vinnuveitanda að stefnandi færi aðra gönguleið eins og aðstæðum var háttáð umrætt kvöld.

Fyrir liggur að stefnandi hafði starfað á fyrrgreindum vinnustað til níu ára og margoft farið umrædda gönguleið. Stefnandi bar um það fyrir dómi að honum hafi verið ljóst að stígurinn væri hættulegur en hann hafi farið varlega. Þá bar stefnandi um að hann hafi áður verið búinn að fara um stíginn umræddan dag, snjór hafi verið á stígunum en þá hafi ekki verið komin háلكa. Háلكa hafi myndast yfir daginn og þegar leið á kvöldið þegar aðrir voru búnir að ganga stíginn og þjappa snjóinn niður. Um mat á saknæmisskilyrðum meðábyrgðar starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum fer samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009. Dóm-

urinn fellst ekki á það að rekja megi tjón stefnanda til aðgæsluleysis hans sjálfs sem verði virt honum til sakar vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis vegna þeirrar gönguleiðar sem var valin og þeirrar vitneskju sem stefnandi hafði um stíginn. Þá fellst dómurinn ekki á að um hafi verði að ræða óhappatilviljun vegna gönguleiðarinnar og almennra vetraraðstæðna hér á landi sem stefnanda var eða mátti vera kunnugt um. Í því sambandi vísar dómurinn til þess sem áður hefur verið lagt til grundvallar, að stígurinn hafi verið hluti af vinnustað stefnanda og þar með lagt sérstakar skyldur á stefndu Reykjavíkurborg sem vinnuveitanda á grundvelli laga og reglna um vinnuvernd. Þá vísar dómurinn til þess sem áður hefur verið lagt til grundvallar að ósannað sé að öryggisbúnaður og hálkuvarnir hafi verið til staðar o.fl. Einnig vísast til þess sem áður hefur verið lagt til grundvallar, að ósannað sé að aðrar gönguleiðir hafi einnig að jafnaði verið notaðar af hálfu starfsmanna í tengslum við störf þeirra fyrir íbúa húsanna eða að til þess hafi verið sérstaklega ætlast af stjórnendum á vinnustað stefnanda eða það hafi sérstaklega átt við þegar hálka og snjór var á stígnum, eins og var þegar slysið átti sér stað. Þá er auk þess ósannað að gönguleið á viðurkenndum göngustíg í nágrenninu, sem var upplýstur og malbikaður, hafi verið öruggari gönguleið umrætt kvöld. Þá eiga sjónarmið um almennar aðgæsluskyldur gangandi vegfarenda við vetraraðstæður hér á landi síður við um stefnanda eins og mál þetta er vaxið.

Að öllu framangreindu virtu leggur dómurinn til grundvallar að stefnda Reykjavíkurborg hafi sem vinnuveitandi sýnt af sér saknæma og ólögmetta vanrækslu og beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Kemur næst til athugunar hvort stefndu Húsnaðisfélag S.E.M. og Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins um ábyrgð fasteignareiganda á líkamstjóni sem rekja megi til fasteignar. Við mat á þeirri starfsemi sem fram fór í húsunum ber að líta til þess að um var að ræða íbúðarhúsnaði fyrir fatlaða einstaklinga sem að einhverju leyti nutu opinberrar þjónustu vegna andlegrar eða líkamlegrar fötlunar. Að mati dómsins ber fyrst og fremst að líta á fasteignirnar sem íbúðarhúsnaði og hefur ekki þýðingu í því sambandi þótt þeir sem þar bjuggu hafi notið framangreindrar þjónustu. Almennur mælikvarði á ábyrgð fasteignareiganda verður því lagður til grundvallar við sakarmat stefndu Húsnaðisfélags S.E.M. og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins, sem leiðir til þess að ekki verður lögð önnur og ríkari ábyrgð á þau en aðra lóðarhafa íbúðarhúsnaðis í þéttbýli.

Um var að ræða stíg yfir lóðir fasteigna í eigu stefndu Húsnaðisfélags S.E.M. og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins þar sem ekki mátti sérstaklega búast við mikilli og almennri umferð gangandi vegfarenda sem áttu leið um svæðið. Fyrir liggur að stígurinn þjónaði ekki því hlutverki að vera sérstök gönguleið sem beint var að aðalinngöngum umræddra fjölbýlishúsa. Ekki hefur verið sýnt fram á að stígurinn eða frágangur hans hafi verið almennt hættulegri en aðrir stígar af sama toga innan lóðarmarka einkalóða. Aðstæður á stígnum voru þannig ekki óforsvaranlegar í framangreindum skilningi. Að mati dómsins hefur ekki þýðingu í þessu sambandi þótt ráðist hafi verið í endurbætur á stígnum, umfram skyldu, eftir að slysið átti sér stað. Að öllu þessu virtu verður það

ekki metið stefndu Húsnæðisfélagi S.E.M. og Brynju Hússjóði Öryrkjabandalagsins til sakar að hafa ekki ráðist í endurbætur á stígnum eða umhverfi hans í aðdraganda slyssins og hið sama á við um að þau hafi ekki látið moka, hálkuverja eða loka fyrir umferð á stígnum umrætt kvöld.

Í málflutningi stefnanda var vísað til reglna nr. 581/1995 varðandi ábyrgð stefndu Húsnæðisfélags S.E.M. og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins. Af hálfu stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins var þessari málsástæðu mótmælt sem of seint framkominni þar sem hennar hefði ekki verið getið í stefnu. Undir það var tekið af hálfu meðstefnda Húsnæðisfélags S.E.M. Við mat á þessu atriði er til þess að líta að í lagarökum í stefnu er vísað með almennum hætti til laga nr. 46/1980, einkum 13. og 42. gr. þeirra laga, án sérstakrar afmörkunar gagnvart einstaka stefndu. Í 13. gr. laganna er til nánari skýringar á inntaki greinarinnar vísað sérstaklega til V. og VI. kafla laganna o.fl., en í þeim köflum er meðal annars vísað til stjórnvaldsfyrirmæla settra á grundvelli laganna og eru reglur nr. 581/1995 þar á meðal. Að mati dómsins er þannig ekki um að ræða nýja málsástæðu.

Fyrir liggur að í stefnu er ekki byggt á því að vinnuréttarsamband hafi verið milli stefnanda og stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og stefnda Húsnæðisfélags S.E.M. Þegar af þeirri ástæðu eiga ekki við gagnvart þeim fyrrgreindar skyldur atvinnurekanda um öryggi og góðan aðbúnað á vinnustað samkvæmt lögum nr. 46/1980 og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra laga. Þá verða þær skyldur ekki yfirfærðar á stefndu sem fasteignaeigendur án skýrrar lagaheimildar.

Að öllu þessu virtu verða stefndu Húsnæðisfélag S.E.M. og Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Upplýst hefur verið að stefnanda var ekki veitt gjafsókn vegna meðferðar málsins. Að fenginni framangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ber stefndu Reykjavíkurborg að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst 3.100.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. sömu laga þykir rétt að öðru leyti að stefnandi og stefndu Húsnæðisfélag S.E.M. og Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins og réttargæslustefndi Vörður tryggingar hf. beri hvert fyrir sig sinn kostnað af rekstri málsins hvað þau varðar.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennd er skaðabótaskylda Reykjavíkurborgar til að greiða stefnanda, Stefáni John Bolon Stefánssyni, skaðabætur vegna þess líkamstjóns er hann varð fyrir 9. mars 2015 þá er hann féll á vinnutíma á göngustíg sem lá á milli fasteignanna að Sléttuvegi 3 og Sléttuvegi 7 í Reykjavík.

Stefndi Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins er sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Stefnda Húsnæðisfélag S.E.M. er sýknt af öllum kröfum stefnanda.

Stefnda Reykjavíkurborg greiði stefnanda, Stefáni John Bolon Stefánssyni, 3.100.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður fellur niður milli stefnanda og stefnda Húsnæðisfélags S.E.M.

Málskostnaður fellur niður milli stefnanda og stefnda Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Málskostnaður fellur niður milli stefnanda og réttargæslustefnda Varðar trygginga hf.

Daði Kristjánsson